



FUNDARGERÐ

28. fundur Odda bs

haldinn <https://us02web.zoom.us/j/6594700701> , 26. maí 2020
og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Björk Grétarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Elín Grétarsdóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Sigrún B Benediktsdóttir, Auður Erla Logadóttir, Samúel Örn Erlingsson, Guðbjörg Ísleifsdóttir, Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson, Hrafnhildur Valgarðsdóttir, Ragnheiður Ólafsdóttir, Klara Viðarsdóttir, Hugrún Pétursdóttir, Sóley Ösp Karlsdóttir, Valtýr Valtýsson og Ágúst Sigurðsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, Sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Ársskýrslur skólanna 2019-2020 - 2005042

Kynning skólastjórnanna á verkefnum síðasta árs.

Skólastjórnar kynntu ársskýrslu hvers skóla fyrir sig og fóru yfir þau atriði sem skólastefnan kveður á um að skuli farið yfir á vorkund Odda bs. Jafnframt voru lögð fram gögn til kynningar og umræðu. Tillaga um að vorkundur Odda bs staðfesti að skýrslur skólastjórnanna hafi verið fullnægjandi og taki á þeim atriðum sem skólastefnan kveður á um. Vorkundur Odda bs vill færa skólastjórnendum og starfsfólki innilegar þakkir fyrir góð störf m.a. á þeim erfiðu Covid19 tímum sem gengið hafa yfir á síðustu mánuðum.

Samþykkt samhljóða.

2. Skóladagatöl 2020-2021 - 2004025

Skóladagatölin lögð fram til staðfestingar.

Lögð fram til staðfestingar skóladagatöl allra skólanna. Gert er ráð fyrir að allir skólarnir taki þátt í svokölluðum Menntadegi á vegum Skólalþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslna þann 12 ágúst n.k. en svokallaður Oddadagur verði í staðinn með breyttu sniði. Gerð hefur verið tilraun til að samræma starfsdaga eins og mögulegt er. Tillaga um að vorkundur Odda bs staðfesti skóladagatölin fyrir skólaárið 2020-2021 og var það samþykkt samhljóða.

3. Efling náms í upplýsingatækni og forritun - 1901030

Sameiginleg þarfagreining skólanna varðandi vinnu og búnað.

Kristín Sigfúsdóttir kynnti drög að þarfagreiningu sem grunnskólar Odda bs hafa unnið í sameiningu. Þarfagreiningin fjallar jöfnum höndum um hug- og vélbúnað sem festa þarf kaup á til að treysta grunn fyrir eflingu náms í upplýsingatækni og forritun.

Jafnframt er fjallað um aukið vinnuframlag til þessara þátta. Vorfundur Odda bs leggur til að þarfagreiningunni verði vísað til fjárhagsáætlunargerðar næsta árs fyrir Odda bs með það að markmiði að byggja enn frekar undir þennan þátt skólastarfsins. Jafnframt verði upplýsingatækni og forritun bætt við sem sérstökum áhersluþætti í skólastefnu Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerð yfirlésinn og staðfest með tölvupósti að afloknum fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:55.

Björk Grétarsdóttir

Haraldur Eiríksson

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Ásta Berghildur Ólafsdóttir

Elín Grétarsdóttir